

**3479. fundur bæjarráðs, haldinn á Garðavöllum,  
2. desember 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025**

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar

*Áframhaldandi vinna verður á aukafundi bæjarráðs þann 9. desember næstkomandi.*

Samþykkt 3:0

**2. 1910114 - Endurskoðun reglna um úthlutun lóða**

Endurskoðun reglna um úthlutun lóða.

*Bæjarráð samþykkir breyttar reglur um úthlutun lóða og vísar þeim til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar. Breytingin felst í að skapa rými í reglunum til að bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar geti samþykkt að endurúthlutun lóða sem skilað hefur verið, fari einnig fram með útdrátti samkvæmt nánari útfærslu sem kynnt yrði ítarlega á heimasíðu Akraneskaupstaðar í umsóknarferli viðkomandi lóðar.*

Samþykkt 3:0

**3. 2107508 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar 2021 vegna Covid-19**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. nóvember sl. tilteknar aðgerðir vegna COVID-19, tímabundið út nóvembermánuð.

Samþykktin sem var gerð var orðuð þannig:

Þann 5. nóvember sl. tók bæjarráð ákvörðun með hliðsjón af útbreiddu COVID-19 smiti hér á Akranesi að fella niður starfsemi í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólanum og frístundastarfí Akraneskaupstaðar föstudaginn 6. nóvember. Jafnframt var lágmarksstarfsemi í þessum stofnunum frá hádegi þann 5. nóvember og þess óskað að foreldrar ungra barna, sækta börn sín um hádegisibilið þann sama dag.

Vegna þessarar ráðstöfunar samþykkir bæjarráð að í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og grunnskóla, tónlistarskólanum og frístundarstarfi fellur niður eða skerðist vegna samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar. Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu

vegna sóttkvíar eða COVID-19 veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Ef foreldrar kjósa að nýta sér ekki þjónustu með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forráðamenn haldi börnum sínum heima ef kostur er á hið sama við. Ofangreint nær til þjónustugjalda leik- og grunnskóla, tónlistarskólans og starfsemi fristundar í Þorpinu. Ákvörðunin er tímabundin og gildir frá hádegi fimmtudagsins 5. nóvember síðastliðinn og út nóvember mánuð næstkomandi.

*Bæjarráð samþykkir að framlengja ákvörðunina og að hún taki til tímabilsins frá og með 1. desember til og með 31. desember næstkomandi.*

*Samþykkt 3:0*

#### **4. 2111203 - Klifurfélag íA - aöstöðumál**

Eindi Klifurfélagsins.

RÓ víkur af fundi og ÓA situr fundinn í hennar stað.

*Bæjarráð samþykkir erindið og að gert verði ráð fyrir viðbótarútgjöldum í fjárhagsáætlun ársins 2022. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Samþykkt 3:0*

*ÓA víkur af fundi og RÓ tekur sæti á fundinum á ný.*

#### **5. 2111184 - Slökkvilið Akranes og Hvalfjarðarsveitar - úttekt á starfsemi**

Úttekt Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) á starfsemi Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar (SAH).

*Lagt fram.*

*Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs og slökkviliðsstjóra SAH falin frekari úrvinnsla málsins og að leggja fram minnisblað sem kæmi til umfjöllunar í bæjarráði á síðari stigum og svo í bæjarstjórn Akraness í framhaldinu.*

*Samþykkt 3:0*

#### **6. 2111219 - Styrkir til greiðslu fasteignaskatts 2021**

Afgreiðsla umsókna um styrki til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

ELA víkur af fundi undir þessum lið og RBS tekur sæti í hennar stað.

SFP víkur einnig af fundi undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að veita samtals kr. 1.490.689 vegna styrkja til greiðslu fasteignaskatts vegna ársins 2021. Útgjöldum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-5946 að sömu fjárhæð.*

*Úthlutun fasteignastyrkja fyrir árið 2021 er eftirfarandi:*

1. Akur frímúrarastúka kr. 771.061, færist á deild 05890-5948.
2. Oddfellow kr. 573.300, færist á deild 05890-5948.
3. Rauði Krossinn kr. 146.328, færist á deild 07890-5948.

*Samþykkt 3:0*

*RBS víkur af fundi og ELA og SFP taka sæti á fundinum á ný.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:15.

Éisa héra Annað.

Valgerður S. F.

Rahel Óskarsdóttir

Steinn Freyr Þorláksson  
Steinn Ólafsson